

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar og skilmálabreytingu á grundvelli 2. og 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Deiliskipulag Hraunsholts eystra (Hólar - Fitjar).*

Breytingin varðar lóð nr. 6 við Hraunsholtsveg og felst í að byggingarreitur á lóðinni stækkar í átt að götu þannig að hann verður í 1,6 m fjarlægð frá götu á 5,7 m kafla. Að öðru leyti gilda fyrri skilmálar deiliskipulagsins frá 7. september 2006. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 4. október 2007.

*Deiliskipulag Hraunsholts eystra (Hólar - Fitjar).*

Breytingin varðar lóð nr. 11 við Lækjarfit og felst í staðsetningu bílastæða á lóðinni sem verða á suðurhluta lóðar í stað norðurhluta og þar með breytist einnig byggingarreitur. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 18. október 2007.

*Deiliskipulag miðbæjar (Sveinatungureitur), svæði III.*

Breytingin varðar lóðir nr. 1 og 3 við Litlatún og felst í að lóð nr. 3 við Litlatún stækkar lítillega í vestur og norður um 204 m<sup>2</sup>. Byggingarreitur stækkar fyrir bílastæðapall og skipulagi lóðar breytt til að bæta umferðarflæði. Stærð lóðar breytist lítillega við Litlatún á suðaustur mörkum sem snýr að undirgöngum við Vífilsstaðaveg. Breyting er gerð á byggingarreit lóðar nr. 1 við Litlatún og verður heildarbyggingarmagn 330 m<sup>2</sup> í stað 500 m<sup>2</sup> og má hluti húss standa yfir lóðamörk lóðar nr. 3. Gert er ráð fyrir 240 m<sup>2</sup> kjallara sem stendur alfarið innan lóðar nr. 1. Aðalgólfkóti byggingar breytist úr 26,0 m í 25,6 m og leyfileg hámarkshæð húss breytist úr 4,0 m í 4,4 m. Hæsti kóti skyggnis hækkar úr kóta 31,0 m í 31,1 m. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 18. október 2007.

*Skilmálabreyting Sjálandshverfi.*

Breytingin felst í að leyfð verða svalaskýli úr karmalausum gleri (gustlokanir) allt að stærð 15% brúttóflatarmáls viðkomandi lóðar. Breytingin var samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar þann 7. desember 2006.

Deiliskipulagsbreytingar þessar taka hér með gildi.

*Garðabæ, 26. nóvember 2007.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2007